



Úttekt á afurðastöðvum

Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneytið

Ráðgjafarsvið KPMG

—
Júní 2018



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	Síða
Inngangur og samantekt niðurstaðna	3
Greining á ytri markaði	9
Erlendir markaðir	16
Rekstur og efnahagur	21
Gagnasöfnun frá afurðastöðvum	28
Viðauki	39

Tengiliður KPMG við
eftirfarandi úttekt:

Magnús G. Erlendsson
Ráðgjafarsvið
Partner

KPMG ehf.
merlendsson@kpmg.is

Fyrirvari

Úttektin er unnin fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og byggir m.a. á gögnum frá Hagstofu Íslands, upplýsingum frá afurðastöðvum sem og erlendum skýrslum um úttekt á sambærilegu málefni. KPMG hefur ekki kannað sérstaklega áreiðanleika þeirra upplýsinga t.a.m. með framkvæmd áreiðanleikakönnunar, en varað er við að niðurstaða slíkar könnunar gæti leitt til þess að undirliggjandi gögn eða mat á þeim breytist og þar af leiðandi niðurstöður KPMG. Af þeim sökum getur KPMG ekki ábyrgst nákvæmni eða áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. Gert er ráð fyrir að lesendur rýni í þessi gögn og annað það er liggur til grundvallar niðurstöðum KPMG.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður samantektarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem kunna að vera teknar eru á grundvelli þessarar samantektar.

KPMG er ekki háð árangurstengdri þóknun við vinnslu þessa verkefnis og eru starfsmenn KPMG sem að verkefninu koma á engan hátt fjárhagslega háðir niðurstöðu þess.



Inngangur og samantekt niðurstaðna

Inngangur

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gerði samning við ráðgjafarsvið KPMG að undangengnu útboði um að gera úttekt á virðiskeðju afurðastöðva. Tilgangur úttektarinnar er að gera greiningu á kostnaði við slátrun, sölu og dreifingu sauðfjárafurða þannig að finna megi leiðir sem gætu leitt til lækkunar á sláturkostnaði og aukinnar hagræðingar í greininni, bændum og neytendum til hagsbóta.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður verði m.a. nýttar við endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar sem nú stendur yfir.

Frá bónda í búð


Viðfangsefni þessarar úttektar er virðiskeðjan frá því að fé stígur inn í gripaflutningabíl og þar til kjötvörur eru fluttar til dreifingaraðila. Fyrsti hluti virðiskeðjunnar, sjálf ræktun sauðfjársins sem og sá síðasti, þ.e. heild- og smásala, eru utan þessarar úttektar.

Þrep virðiskeðjunnar og viðfangsefni þessarar úttektar má sjá á skýringarmyndinni hér fyrir neðan. Í umræðunni er stundum vísað til virðiskeðjunnar allrar sem „frá haga í maga“, en hér er því aðeins sá hluti sem kalla má „frá bónda í búð“ til umfjöllunar. Þeim hluta virðiskeðjunnar má skipta í fjögur skref sem sýnd eru með dökkbláum lit á skýringarmyndinni.

Spurningar

Settar voru fram spurningar um eftirfarandi álitamál varðandi mögulega hagræðingu í virðiskeðjunni, en markmið úttektarinnar er m.a. að leita eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

- Eru sláturhús of mörg og/eða er hægt að bæta nýtingu þeirra?
- Er skipulagning slátrunar nægilega góð?
- Eru mestu mögulegu vörugæði og verðmæti tryggð, s.s. varðandi meyrnun, kælingu, frágang og pökkun?
- Eru möguleikar til aukinnar hagkvæmni í rekstri sláturhúsa með lengingu sláturtíðar og betri nýtingu fjármuna með vaktavinnu í sláturtíð?
- Eru möguleikar til aukinnar hagræðingar og verðmætasköpunar með betri tæknibúnaði í slátruhúsum, þ.m.t. við slátrun, skurð og pökkun?
- Er ávinningur af því að hafa sölu og dreifingu frá öllum afurðastöðvum á einni hendi?



Verkefnið

Nálgun

Megináhersla er lögð á greiningu þeirra fjögurra þátta sem taldir eru upp í römmunum hér fyrir neðan.

Til að ná fram heildstæðri og skýrri mynd af viðfangsefninu byggir greiningin á upplýsingum úr fjórum áttum:

1. Með upplýsingum úr þjóðhagsreikningum.
2. Með upplýsingum úr ársreikningum afurðastöðva.
3. Með upplýsingum úr spurningavagni sem sendur var til afurðastöðva fyrir tímabilið 2015-2017.
4. Með samanburði við niðurstöður sambærilegra og nýlegra úttekta erlendis.

Gagnaöflun, úrvinnsla og greining

Í ljós kom að upplýsingar úr ársreikningum afurðastöðva væru ekki nægilegar til að ná markmiðum greiningarinnar þar sem félögin eru í mismunandi rekstri varðandi slátrun og vinnslu á sauðfé auk annarrar ótengdrar starfsemi.

Því var farin sú leið að KPMG óskaði eftir nánari gögnum frá hverju fyrirtæki með því að senda út spurningarlista, eins og fram kemur í lið þrjú í upptalningunni hér til vinstri.

Lagt var upp með að þær upplýsingar sem beðið var um væru ekki greinanlegar niður á einstök fyrirtæki í niðurstöðum úttektarinnar. Því eru eingöngu summur, hágildi, lággildi og meðaltöl niðurstaðna birt í þessari úttekt.

Flutningur og slátrun

- Kannað hvort hægt sé að ná fram hagræðingu í flutningi sláturfjár miðað við núverandi kostnað við flutning og slátrun.

Rekstur og yfirbygging

- Lagt mat á möguleika til hagræðingar í kerfinu, t.d. með samvinnu, sameiningum eða fækkun sláturhúsa?

Kjötskurður, pökkun og dreifing

- Lagt mat á mismunandi fyrirkomulag þessara þátta með tilliti til kostnaðar hjá einstaka afurðastöðvum. Jafnframt gerð greining á meðalheildsöluverði.

Birgðir

- Farið yfir núverandi fyrirkomulag birgða-skráningar og upplýsinga-gjafar til Matvælastofnunar. Jafnframt lagt mat á það hvort breyta eigi birgðaskráningu afurðastöðva með tilliti til samsetningar birgða.

Núverandi staða


Staðsetning leyfishafa

Í dag eru níu aðilar á landinu sem hafa leyfi og sinna sauðfjárslátrun.

Alls eru tíu starfsstöðvar á landinu (Norðlenska er með tvær starfsstöðvar) eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan. Sex þeirra eru á norðanverðu landinu, þrjár á því sunnanverðu, ein á Vesturlandi en engin á Vestfjörðum

Í töflunni hér að neðan er listi yfir þá aðila sem þessi úttekt náði til.

Staðsetning vinnslustöðva afurðastöðva í sauðfjárrækt



Markaðshlutdeild sláturleyfishafa 2016	
Sláturleyfishafi	Hlutfall sláturmagns sauðfjár
Fjallalamb	4,8%
Sláturfélag Vopnfirðinga	5,5%
Norðlenska	19,1%
Kaupfélag Skagfirðinga	17,9%
SAH afurðir	17,2%
Sláturhús KVH	16,6%
Sláturfélag Suðurlands	18,6%
Aðrir sláturleyfishafar	0,2%
Samtals	100,0%

Heimild: Starfsskýrsla MAST 2016

Miðast við sláturmagn 2016 samkvæmt starfsskýrslu MAST.

Aðrir afurðastöðvar (Seglbúðir og Sláturhús Vesturlands) voru ekki hluti af þessari úttekt sökum smæðar þeirra.

Helstu niðurstöður

Staðan

- Framleiðsla á kindakjöti hefur vaxið umfram innlenda neyslu undanfarin ár og hefur umframframleiðslu verið mætt með auknum útflutningi. Neysla á kindakjöti á hvern íbúa hefur lækkað undanfarin ár.
- Að jafnaði er meðalsöluverð á útfluttu kindakjöti lægra heldur en meðalsöluverð á innanlandsmarkaði. Byggt á gögnum um framleiðslukostnað frá afurðastöðvum þá er núverandi framleiðslukostnaður hærri heldur en heimsmarkaðsverð á kindakjöti og meðalútflutningsverð. Miðað við meðalútflutningsverð og kostnað við flutning og slátrun og greiðslum til bænda þá borgar sig ekki að framleiða til útflutnings.
- Út frá þeim gögnum sem úttektin byggir á má álykta að í þeim hluta virðis_keðju sauðfjárafurða sem er hér til skoðunar þ.e. „frá bónda til búðar“ er arðsemi afurðastöðva óásættanleg. Margt bendir til þess að fjöldi sláturhúsa sé of mikill og að fækka þurfi sláturhúsum til að auka hagræði í greininni.
- Greiðslufyrirkomulag milli bænda og afurðastöðva eins og það er í dag kallar á að staða birgða hjá mörgum afurðastöðvum er mjög há. Margar þeirra þurfa að fjármagna birgðastöðuna með dýrum skammtímalánum og er vaxtakostnaður vegna þeirrar fjármögnunar umtalsverður. Þetta setur talsvert mark á afkomu greinarinnar.

Framtíðin

- Mikilvægt er að koma á jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar í framleiðslu kindakjöts. Skoða þarf leiðir til að minnka framleiðslumagn, auka framleiðni í greininni og minnka birgðabindingu afurðastöðva. Slíkar aðgerðir ættu að skila hagræðingu í greininni fyrir alla aðila í virðis_keðjunni.
- Fækkun afurðastöðva gæti aukið arðsemi ef sláturhúsin sem eftir verða hefðu svigrúm til frekari sjálfvirknivæðingar með tilheyrandi lækkun launakostnaðar og betri nýtingu fastafjármuna. Margar afurðastöðvar eru í dag háðir sérhæfðu vinnuafli sem flutt er til landsins á sláturtímanum.
- Markaðshlutdeild Íslands í heildarútflutningi kindakjöts er mjög lítil og hefur íslenskur útflutningur ekki áhrif á þróun heimsmarkaðsverðs eða magn. Ef jafnvægi næst milli útflutningsverðs afurðastöðva og framleiðslukostnaðar ætti að skoða að framleiða kindakjöt til útflutnings. Við þær aðstæður ætti einnig að skoða samstarf milli afurðastöðva varðandi útflutning til að hámarka verð líkt og Skotar hafa gert og fjallað er um í þessari úttekt. Vegna smæðar Íslands á alþjóðamarkaði gæti slíkt samstarf gert sölu erlendis markvissari og tryggt besta verð hverju sinni til hagsbóta fyrir greinina.
- Aðkoma stjórnvalda að hagræðingu í greininni gæti verið í formi einhverskonar ívilnana s.s. úreldinga-styrkja. Ef afurðastöðvum yrði fækkað með aðkomu stjórnvalda er skynsamlegt að landfræðileglega sláturhúsanna verði einn áhrifavaldur við ákvörðun um hvernig framtíðar fyrirkomulag þeirra verði háttað. Horfa þarf á flutning á sauðfé bæði með tilliti til kostnaðar og vegna dýraverndunarsjónarmiða.

Þættir til skoðunar

- Kanna ætti kosti þess þess að minnka framleiðslumagn kindakjöts þar til jafnvægi næst milli framboðs og innlendrar eftirspurnar.
- Skoða mætti kosti þess og galla að lengja sláturtímabilið með þeim möguleika að selja ferskt kjöt í lengri tíma en nú er gert bæði hér innanlands og erlendis við réttar markaðsaðstæður.
- Kanna þarf hvort skipulögð sérhæfing t.d. í vinnslu kindakjöts, gæti skilað ávinningi umfram samkeppni þegar fáir leikendur eru eftir fækkun afurðastöðva til að hún skili tilætluðum árangri.
- Kanna þarf kosti og galla þess að heimila samstarf með flutning og dreifingu líkt og t.a.m. orku- og mjólkurgeirinn hefur gert. Í þeim greinum sem búa við einokun, eins og í flutningi á raforku, hefur verið farin sú leið að setja fyrirtækjum tekjumörk. Til að slíkt fyrirkomulag gangi upp er mikilvægt að félög með einokunarstöðu hafi verðskrár sínar opinberar og bjóði öllum sömu kjör.
- Skoða þarf með hvaða hætti hægt er að draga úr fjármögnunarkostnaði birgða t.d. með lækkun á birgðabindingu eða breytingum á greiðslufyrirkomulagi til bænda. Mikilvægt er að sá ávinningur sem gæti náðst skili sér til allra aðila í virðis_keðjunni.

Samantekt úr úttekt

Helstu niðurstöður		Síða
Greining á ytri markaði	- Heildarframleiðsluvirði kindakjöts hefur lækkað um 23% frá árinu 2013 og nam í árslok 2017 um 8,2 milljörðum króna. - Framleiðsla kindakjöts hefur vaxið en eftirspurn á innlandsmarkaði hefur staðið í stað undanfarin ár. Útflutningur hefur aukist um 14,6% að jafnaði á ári. Aukin framleiðsla hefur þannig farið í útflutning. - Neysla kindakjöts á hvern íbúa hefur minnkað um 15% á síðustu 10 árum og var um 20 kg á árinu 2017 miðað við framleiðslu ársins. Að teknu tilliti til fjölda ferðamanna á landinu hverju sinni var neysla á hvern íbúa um 18 kg á árinu 2017. - Verð á kindakjöti hefur verið að lækka frá árinu 2014. - Kanna mætti ítarlegri skráningu um birgðir til MAST til að fá betri yfirsýn yfir birgðastöðu. Slíkt gæti komið í veg fyrir offramleiðslu á ákveðnum afurðum.	9
Erlendir markaðir	- Markaðsverð á kindakjöti í Nýja Sjálandi hefur verið nokkuð stöðugt árin 2016-2017 eða í kringum 580 kr./kg að jafnaði. Það verð er nokkuð lægra heldur en framleiðsluverð afurðastöðvanna, sem var um 708 kr./kg árið 2017. - Útflutningsverð er lægra heldur en verð sem fæst á innlandsmarkaði og því minni hvati fyrir afurðastöðvar að framleiða til útflutnings. - Spár gera ráð fyrir að vöxtur verði í neyslu kindakjöts á nýjum mörkuðum en hann verði lítill sem enginn á nærmörkuðum Íslands. Verðþróun verði þó hæg upp á við. - Töluverð verðsamkeppni er á þessum markaði. Hlutdeild Íslands á heimsmarkaði er lítil eða aðeins 0,25% og því hefur Ísland engin áhrif á heimsmarkaðsverð á kindakjöti. - Virðisikeðja sauðfjárræktar á Írlandi og í Skotlandi virðist glíma við sambærileg vandamál og sú íslenska. Í Skotlandi hefur samkeppni verið kennt um og bent á að aukið samstarf væri líkleg lausn á vandamálum greinarinnar.	16
Rekstur og efnahagur	- Afkoma fimm afurðastöðva af sjö var neikvæð árið 2016 og EBITDA hlutfall var frá 2,2-13,7%. - Afkoma þeirra fimm afurðastöðva sem hafa skilað ársreikningi 2017 batnar milli ára fyrir utan hjá einum aðila og nálægt 0 hjá flestum. EBITDA hlutföll hafa almennt hækkað hjá þeim sem höfðu skilað inn ársreikningi og er á bilinu 3,8-8,2%. Staða heildarbirgða lækkar um 560 m.kr. milli áranna 2016 og 2017. - Vörubirgðir eru nokkuð stór hluti af eignum afurðastöðva sem hefur áhrif á samsetningu skulda þeirra, þar sem stór hluti skulda er í formi skammtímalána. Slíkt hefur neikvæð áhrif á rekstur félaganna þar sem fjármagnskostnaður er hár vegna skammtímalána. Tvö félaganna skera sig úr í stærð efnahags vegna annarrar starfsemi og eignarhalds í öðrum félögum. - Miðað við útflutningsverð sem afurðastöðvar gefa upp og m.v. kostnað við flutning og slátrun þá borgar sig ekki að framleiða til útflutnings.	21
Gögn frá afurðastöðvum	- Flestir í greininni eru nokkuð sammála um að framleiðslumagn sé of mikið miðað við eftirspurn og verð á markaði. Framleiðslugeta núverandi tækja stendur undir sláturmagni. Möguleiki að nýta núverandi tækjabúnað betur. - Flestir í greininni telja að sláturhúsum þyrfti að fækka til að mæta mögulega minni framleiðslu, lakari afkomu, tryggja betri nýtingu aðfanga og gera afurðastöðvum kleift að innleiða skilvirkari framleiðslulínur í framtíðinni. - Hagræðingartækifæri geta legið í samvinnu í ákveðnum þáttum virðisikeðjunnar en slíkt þyrfti að skoða með tilliti til samkeppnislaga. Önnur tækifæri gætu legið í lengingu sláturtíðar til að auka framboð á fersku kjöt en taka þarf tillit til ýmissa kostnaðarliða eins og t.d. vinnuafis. - Varðandi útflutning hafa ekki verið færð sannfærandi rök fyrir því að til séu markaðir þar sem hægt væri að selja íslenskt lambakjöt sem munaðarvöru á herra verði en almennt gerist á heimsmarkaði.	28



Greining á ytri markaði

Framleiðsluvirði landbúnaðarins

Áætlað framleiðsluvirði árið 2017

Áætlað framleiðsluvirði landbúnaðar (frumframleiðsla bænda) fyrir árið 2017 nam 62,5 milljörðum króna á grunnverði og lækkaði úr 63,1 milljarði króna frá fyrra ári eða um 1,0%.

- Lækkunina má rekja til 0,5% minna framleiðslumagns og 1,5% verðlækkunar.
- Virði afurða búfjárræktar var talið 42,2 milljarðar króna og þar af vörutengdir styrkir og skattar um 10,9 milljarðar króna.

Framleiðsluverð er það verð sem framleiðandi fær í sinn hlut frá kaupanda, en innifelur ekki vörutengda styrki s.s. beingreiðslur. Frá því hafa heldur ekki verið dregnir vörutengdir skattar, s.s. búnaðargjald og verðmiðlunargjöld.

Grunnverð innifelur framleiðsluverðið ásamt vörutengdum styrkjum, en vörutengdir skattar hafa verið dregnir frá.

Skipting framleiðsluvirðis 2013-2017					
	2013	2014	2015	2016	2017
Framleiðsla nytjaplanta	30%	31%	26%	26%	25%
Nautgripir	5%	6%	6%	6%	6%
Mjólk	23%	24%	26%	28%	30%
Sauðfé	17%	16%	18%	15%	13%
Hráull	1%	1%	1%	1%	0%
Alifuglar	7%	6%	7%	7%	7%
Egg	3%	2%	3%	3%	3%
Svín	5%	4%	4%	4%	4%
Hestar	2%	1%	1%	1%	1%
Annað	7%	8%	8%	9%	10%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%
Heildarframleiðsluvirði (m.kr.)	61.569	66.189	64.570	63.076	62.462

Heimild: Hagstofa Íslands (framleiðsluvirði er áætlað fyrir árið 2017).

Þróun framleiðslu á síðustu árum


Framleiðsluvirði landbúnaðarins hefur lækkað frá árinu 2014 um 6%. Lækkunin má rekja til breytinga á framleiðslumagni en einnig til verðbreytinga.

Hlutfall sauðfjár af heildarframleiðsluvirði í árslok 2017 er það lægsta síðastliðin fimm ár en þá nam hlutfallið 13%. Síðastliðin fimm ár var hlutfallið hæst árið 2015 þegar það nam 18%.

Þrátt fyrir að framleiðsla sé að vaxa lítillega á þessum árum er virðisauki greinarinnar að minnka sem að hluta til má rekja til lægra verðs eins og kemur fram á síðu 14.

Heildarframleiðsluvirði sauðfjárafurða hefur lækkað um 23% frá árinu 2013 og nam í árslok 2017 um 8,2 milljörðum króna.

Þróun framleiðsluvirðis kindakjöts



Heimild: Hagstofa Íslands.

Ráðstöfun framleiðsluvirðis

Skipting framleiðsluvirðis landbúnaðar

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig framleiðsluvirði landbúnaðarins skiptist niður á kostnaðarliði og afkomu.


Kostnaður við aðföng hefur farið lækkanði undanfarin ár sem má rekja til sterkrar stöðu íslensku krónunnar. Á sama tíma hefur launakostnaður vaxið umtalsvert sem og fjármagnskostnaður og afskriftir. Aukin hlutdeild fjármagnskostnaðar og afskrifta bendir til þess að fjárfestingar hafi aukist í greininni í heild.

Á síðu 22-27 er farið nánar yfir rekstur og efnahag afurðastöðva fyrir tímabilið 2015-2017.

Skipting framleiðsluvirðis landbúnaðarins frá 2014-2017				
	2014	2015	2016	2017
Kostnaður við aðfanganotkun	74,5%	63,9%	64,2%	61,5%
Afskriftir	7,9%	8,5%	8,8%	9,0%
Fjármagnsgjöld og leiga	5,4%	4,3%	7,2%	7,2%
Launakostnaður	7,6%	7,5%	9,8%	10,0%
Afkoma	4,6%	15,8%	10,0%	12,3%
Heildarframleiðsluvirði (m.kr.)	66.189	64.571	63.077	62.461

Skipting innanlandsverðs fyrir sauðfjárrækt

Á árinu 2015 kannaði rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri skiptingu innanlandsverðs fyrir sauðfjárrækt á helstu atvinnugreinir byggð á tölum Hagstofu Íslands 2012 og framreiknað til 2014. Samkvæmt þeim tölum var meðalverð á kindakjöti áætlað um 1.380 kr./kg. Áætlað var að bændur fengju um 570 kr. af því eða um 41%.



Í úttekt Jóhannesar Sveinbjörnssonar í febrúar 2018 er fjallað um að verð til bænda hafi lækkað um 35-40% á árunum 2016-2017. Samkvæmt úttekt Bændablaðsins árið 2018 kemur fram að meðalverð til bænda sé um 387 kr./kg.

Framleiðsla kindakjöts

Framleiðsla og innflutningur kjöts


Áætluð framleiðsla á kjöti er um 32.000 tonn í árslok 2017. Innflutningur á kjöti hefur vaxið úr 1.000 tonnum árið 2012 í tæp 4.000 tonn árið 2017.

Til að gera tölur um innflutning samanburðarhæfar við innlenda framleiðslu er innflutningur umreiknaður í heila skrokka (innlend framleiðsla er gefin upp í heilum skrokkum). Reiknað er með 60% nýtingarhlutfalli*. Hlutfallið gefur ágæta viðmiðun fyrir umreikning.

Umreiknaður innflutningur á kjöti hefur því vaxið úr 1.660 tonnum árið 2012 í 6.000 tonn árið 2017. Innflutningur er mestur á alifuglum, svínakjöti og nautgripum. Innflutningur á kindakjöti er lítil sem engin.

- Innflutningur er um 10% af heildarframboði (framleiðslu auk innflutnings) í árslok 2017 en hlutfallið nemur 16% sé tekið tillit til umreiknings á innflutningi.

Þróun framleiðslu og innflutnings kjöts



Heimild: MAST, Hagstofa Íslands, innflutningur eftir tollskránum. Tekið tillit til umreiknings.

* Upplýsingar frá Hagstofu. (Umreikningur: Byggt á sögulegu meðaltali í nautakjöti skv. uppl. frá MAST)


Þróun kindakjötsframleiðslu

Á síðasta ári var framleiðsla áætluð 10.600 tonn af kindakjöti hér á landi og nam hún 33% af heildar kjötframleiðslu á landinu.

Eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan hefur hlutdeild kindakjöts af heildarframleiðslu kjötafurða minnkað nokkuð frá aldamótum.

Framleiðsla kindakjöts hefur aukist um 2,1% að jafnaði á ári síðustu 10 ár á meðan selt magn innanlands hefur aðeins aukist um 0,3%. Útflutningur hefur aftur á móti aukist um 14,6% að jafnaði á ári. Aukin framleiðsla hefur því að miklu leyti farið í útflutning.

Þróun kindakjötsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands

Neysla kindakjöts


Neysla á hvern íbúa landsins

Magnbreyting á neyslu kindakjöts hefur farið úr 25,5 kg á mann árið 2000 í 20,0 kg árið 2017 og nemur sú lækkun um 22%.

Magnbreyting á neyslu nauta-, svína- og alifuglakjöts hefur aukist á mann frá árinu 2000 úr 26,8 kg á mann í 43,3 kg árið 2017. Mesta aukningin er í alifuglakjöti eða úr 11,5 kg á mann í 27,6 kg á mann.

Hér að neðan má sjá þróun árlegrar kjötneyslu landsmanna frá árinu 2000.

Árleg kjötneysla á íbúa frá 2000



Heimild: Hagstofa Íslands


Neysla á hvern íbúa landsins auk ferðamanna

Á árinu 2017 var fjöldi brottfara um Keflavíkurflugvöll 2,2 milljónir manna. Ferðamálastofa áætla að hver ferðamaður eyði 10 dögum að jafnaði í júní til ágúst en annars er dvölin 6 dagar*.

Ef miðað er við að hver ferðamaður dvelji að meðaltali í 6 daga má áætla að á hverjum degi hafi að jafnaði verið um 36 þúsund ferðamenn á landinu í einu á árinu 2017.

- Þeim fjölda er bætt við íbúafjölda landsins til að meta hversu margir eru á landinu hverju sinni.
- Beitt er sömu aðferð fyrir fyrri ár til að áætla fjölda ferðamanna á landinu hverju sinni.

Þróun á neyslu kindakjöts



Heimild: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa Íslands

* Heimild: Heimasíða Ferðamálastofa – áætlaður fjöldi dag hvern.

<https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/aaetladur-fjoldi-dag-hvern>

Neysla og verð kjötafurða

Neysla á hvern íbúa landsins auk ferðamanna


Neysla á kindakjöti er að minnka á hvern íbúa að teknu tilliti til ferðamanna frá árinu 2012-2017 miðað við selt magn innanlands.

Neysla á öðrum kjötafurðum stendur í stað á hvern íbúa á tímabilinu. Neysla minnkaði nokkuð á hvern íbúa á árunum 2012-2014 en hefur síðan þá vaxið stöðugt.

Neysla á innfluttu kjöti á hvern íbúa hefur aukist frá árinu 2012 þegar innflutningur nam 5 kg á hvern íbúa í 16 kg á hvern íbúa í árslok 2017 þegar innflutningur hefur verið umreiknaður (sjá síðu 12).

Neyslumynstur er að einhverju leyti að breytast og frá árinu 2012 hefur kjötneysla á hvern einstakling á landinu (íbúar auk ferðamanna) verið að aukast. Þessari auknu neyslu virðist hafa verið mætt með innflutningi miðað við að allt innflutt kjöt fari í neyslu.

Þróun neyslu kjötafurða á hvern einstakling á landinu




Heimild: Hagstofa Íslands, innflutningur eftir tollskrárnúmerum. Tekið tillit til umreiknings.

Þróun verðs kjötafurða

Verð á kindakjöti hefur nánast staðið í stað frá 2011 og hefur verið að lækka frá árinu 2014 miðað við verðsöfnun fyrir vísitölu neysluverðs.

Verð á kindakjöti hefur ekki haldið í við verðlag frá árinu 2008.



Heimild: Hagstofa Íslands (Miðað við verðlag á öllu landinu. Verði er safnað samhlíða verðsöfnun fyrir vísitölu neysluverðs.)

Birgðaskráning

Birgðaskráning og upplýsingagjöf til Matvælastofnunar

Í 77. gr. búvörulaga nr. 99/1993 kemur eftirfarandi fram:

„Matvælastofnun skal safna upplýsingum og birta ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu. Þá skal Matvælastofnun gera áætlanir um framleiðslu og sölu búvara.

Skýlt er öllum þeim er hafa með höndum vinnslu eða sölu búvara að láta Matvælastofnun í té allar upplýsingar sem að gagni geta komið við störf stofnunarinnar og þeir geta veitt, þar með talið upplýsingar um verð búvöru til framleiðenda.“

Afurðastöðvar senda inn sláturgögn til Matvælastofnunar fyrir hverja afurðategund samkvæmt búvörulögum.

Matvælastofnun birtir upplýsingar í hverjum mánuði um heildarframleiðslu, sölu, útflutning og stöðu birgða.

- Upplýsingarnar eru m.a. flokkaðar í dilka, ær, veturgamalt, hrúta og úrkast.
- Upplýsingar eru birtar fyrir síðasta mánuð, ársfjórðung og ár.

Mögulegar breytingar á birgðaskráningu

Upplýsingagjöf um birgðir gæti verið á þann hátt að samsetning birgða yrði ítarlegri. Hver afurðastöð myndi gefa upp birgðir eftir t.d. læri, hrygg, framparti og slögum.

Slík upplýsingagjöf gæti verið til þess fallin að gefa betri mynd af birgðastöðu og þannig haft áhrif á framleiðslu eða mögulegt framboð. Mögulega væri hægt að taka tillit til framleiðslu í komandi sláturtíð miðað við hvernig staða birgða væri í viðkomandi afurð.

Þó ber að hafa í huga að með ítarlegri birgðaskráningu af þessu tagi gæti það haft áhrif á söluverð til smásala. Þeir gætu séð stöðu birgða ef þær upplýsingar eru gerðar opinberar að hálfu Matvælastofnunar, sem getur haft áhrif á kaupverð ef birgðir eru mjög miklar í ákveðnum afurðum.

Helstu niðurstöður – greining á ytri markaði

- Heildarframleiðsluvirði sauðfjárafurða hefur lækkað um 23% frá árinu 2013 og nam í árslok 2017 um 8,2 milljörðum króna.
- Framleiðsla kindakjöts hefur aukist um 2,1% að jafnaði á ári síðustu 10 ár á meðan selt magn innanlands hefur aukist um 0,3%. Útflutningur hefur aukist um 14,6% á sama tíma.
- Neysla á kindakjöti á hvern einstakling á Íslandi hefur minnkað um 15% á síðustu 10 árum. Neysla annarra kjötafurða er að aukast. Sú aukning er að mestu drifin af innfluttu kjöti. Hlutdeild innflutts kjöts hefur aukist úr 5% í 16% af heildarframleiðslu.
- Verð á kindakjöti hefur verið að lækka frá árinu 2014.
- Kanna mætti ítarlegri skráningu um birgðir til MAST til að fá betri yfirsýn yfir birgðastöðu. Slíkt gæti komið í veg fyrir offramleiðslu á ákveðnum afurðum.



Erlendir markaðir

Heimsmarkaður með kindakjöt

Útflutningur á kindakjöti


Samkvæmt upplýsingum frá gagnaveitu Sameinuðu þjóðanna nam heildarútflutningur kindakjöts um 1.093 milljónum tonna árið 2016 sem var 2,5% lækkun frá fyrra ári. Heildarútflutningsvirði þessara afurða var metið 5.408 milljónir USD eða sem nemur 546 milljarði króna* sem var lækkun um tæpar 10% frá fyrra ári.

Ástralía og Nýja Sjáland eru langstærstu aðilar í útflutningi á kindakjöti. Alls nam útflutningur þessara tveggja landa um 70% af öllum útflutningi.

Hér að neðan má sjá útflutning á kindakjöti stærstu útflutningslanda, landa í vesturhluta Evrópu ásamt Kanada. Hlutfall Íslands af heildarútflutningi nemur um 0,25% eða 2.782 tonn (útflutningur miðað við tölur Hagstofu Íslands voru 2.776 tonn árið 2016).

Meðalútflutningsverð innlendra aðila samkvæmt gögnum frá Hagstofu var 658 kr./kg árið 2016 en 527 kr./kg árið 2017 (án umreiknings).

Útflutningur á kindakjöti árið 2016




Heimild: UN Comtrade Database og Hagstofa Íslands

* Miðað við meðalgengi Seðlabanka Íslands 2017.

** Miðað við meðalgengi Seðlabanka Íslands 2016.

Þróun á verði 2013-2017 – verðþróun í Nýja Sjálandi


Meðalverð (frosnir heilir skrokkar) árið 2017 var tæpar 580 kr.* á hvert kíló sem er lítil hækkun frá meðalverði árið 2016, 565 kr.**



Heimild: IndexMundi (gögn frá Meat Trade Journal og Worldbank).

Meðalútflutningsverð árið 2016

Meðalútflutningsverð á hvert kílógramm fimm stærstu útflutningslanda á kindakjöti ásamt Íslandi umreiknað yfir í íslenskar krónur** sem er sambærilegt við söluverð sem fengust frá afurðastöðvum.



Heimild: UN Comtrade Database (Hafa þarf í huga að samsetning afurða útflutnings getur verið ólík milli landa sem kann að hafa áhrif á samanburð milli þeirra).

Staða og horfur á heimsvísu

Verðþróun kindakjöts á heimsvísu

Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, heldur úti gagnagrunni um markaðsmál landbúnaðarafurða. Samkvæmt honum hefur þróun meðalverðs kindakjöts í heiminum verið með þeim hætti sem sjá má á bláu línunni hér til hliðar.

Verð á matvælum á heimsmarkaði tvöfaldaðist á fyrstu 10 árum þessarar aldar og hefur sveiflast töluvert frá aldarmótum. Óstöðuleiki gjaldmiðla, sér í lagi bandaríkjadals er hluti skýringarinnar.

Heimsmarkaðsverðin náðu hámarki um 2011 sem er afleiðing hækkandi verðs kornafurða, en almennt er talið að kjötverð sveiflist í takt við þau með 2-3 ára seinkun.

Síðan þá hafa verðin lækkað af sömu sökum, en einnig vegna lækkandi olíuverðs, áburðarverðs, vaxta og styrkingar bandaríkjadals.


Neysla kindakjöts

Á súluritinu hér til hliðar má sjá áætlaða þróun á neyslu kindakjöts fram til 2025 í ýmsum heimshlutum. Almennt er talið að neysla muni aukast töluvert í nýmarkaðs- og þróunarríkjum.


Í þróuðu ríkjunum gerir spáin ráð fyrir að neyslan aukist um 2% á þessu tíu ára tímabili sem hún nær til, eftir að hafa fallið um 13% annars vegar og 14% hins vegar fyrir tveimur áratugum síðan.

Eins og sjá má á súluritinu er gert ráð fyrir að neyslan haldist óbreytt á nærmarkaði Íslands (Evrópu) en muni aukast töluvert í Asíu og Afríku.

Verðþróun á kindakjöti og spá til 2025



Spá um neysluvöxt frá 2015-2025



Heimild: OECD-FAO Agricultural Database 2016-2025

Heimild: Global agri benchmark network result 2016

Írland

Írski matvælaráðið (e. Board Bia – Irish Food Board) gefur reglulega út samantekt um útflutning dýraafurða frá Írlandi. Í nýjustu skýrslunni kemur fram að stofnstærðin hafi verið nokkuð stöðug á árabílinu 2011-2015, eða um 2,5 milljónir áa, þegar talið er í desembermánuði ár hvert. Fjöldi sauðfjárbænda í lok þessa tímabils var um 15 þúsund.

Á áratugunum þar á undan hafði verið mikil fækkun í greininni, en sauðfjárbændur töldu 45 þúsund árið 1996 og ærnar 4,7 milljónir.

Hinsvegar er írski geirinn ólíkur íslenska að útflutningur sauðfjár og sauðfjárafurða er megintekjulind írski sauðfjárræktar eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan.

Framleiðsluuppgjör írski sauðfjárræktar 2011-2016

Framleiðsluuppgjör írski sauðfjárræktar 2011-2016						
	2011	2012	2013	2014	2015*	2016**
Heildarframleiðsla (innlend)	39,0	45,2	49,8	51,1	50,8	52,7
Nettó framleiðsla	48,1	53,7	57,5	57,6	58,4	62,0
Innflutningur (+)	3,5	4,0	5,0	4,6	4,8	5,0
Útflutningur (-)	36,5	41,5	47,5	46,3	47,6	51,8
Neysla						
Heildarneysla	15,1	16,2	14,9	15,9	15,6	15,2
Neysla í kg á einstakling	3,3	3,5	3,3	3,5	3,4	3,2
Hlutfall framleiðslu á móti neyslu	319%	331%	385%	361%	375%	408%

* Áætlað fyrir 2015

** Spá fyrir 2016

Stefnumótun til ársins 2020

Við mótun stefnu fyrir sauðfjáráðnaðarins til ársins 2020 birtu írski stjórnvöld yfirlit yfir helstu styrkleika og veikleika geirans. Eftirfarandi atriði eru þar talin helst er varðar þann hluta virðisæðjunnar sem hér er til umfjöllunar:

- Viðskiptakostnaður (starfsfólk, orka, úrgangur, o.p.h.) ekki í takti við samanburðamarkaði.
- Offramleiðslugeta veldur enn frekara kostnaðaróhægræði.
- Nútímalegur framleiðslubúnaður sem rekin er samkvæmt bestu gæðastöðlum.
- Iðnaðurinn mjög háður útflutningi heilla skrokka og þyrfti að færa sig yfir í meira virðisaukandi útflutning þar sem erfitt er að keppa við frosna bita frá Nýja Sjálandi.

Þrjú af þessum fjórum atriðum sem talin eru upp eru veikleikar, og fróðlegt er að sjá að þeir eiga e.t.v. allir við stöðuna á Íslandi í dag.

Skotland

Skotland

Árið 2013 fékk sölufélag bænda í Skotlandi (e. Farm Stock Scotland Ltd.) ráðgjafarfyrirtæki til að greina tækifæri í að auka virði og minnka soun í virðiskeðju skosku sauðfjárræktarinnar. Markmiðið var að staðsetja flöskuhálsa og óskilvirka ferla í virðiskeðjunni sem hefðu í för með sér aukinn kostnað og lækkaði þannig framlegð hvers þáttar hennar.

Í skýrslunni eru tilgreind fimm vandamál sem hrjá skoska sauðfjárrækt. Tvö þeirra eru í eðli sínu staðbundin en eftirfarandi þrjú nokkuð samhljóma þeim sem til skoðunar eru hér á landi:

- Fjöldi sauðfjár í Skotlandi er sá minnsti í 60 ár.
- Neysla kindakjöts heldur áfram að minnka, að hluta til sökum þess að það er álitíð vera dýrt.
- Framlegð sláturhúsa og kjötvinnsla (e. processors) hefur lækkað. Þrátt fyrir auknar tekjur af innmat hefur hærri hráefnakostnaður og takmörkuð geta til hækunar á söluverði aukið þrýsting á framlegð. Margir bændur eru háðir greiðslum vegna eigin afkomu.

Í skýrslunni segir að núverandi viðskiptafyrirkomulag þar sem hver partur virðiskeðjunnar reynir að hámarka afkomu sína, hefur þau áhrif að bændur, sláturhús, kjötvinnslur og smásalar eiga í erfiðleikum með að ná ásættanlegri framlegð. Virðiskeðja sem samþætti samvinnu fyrir rautt kjöt mundi auðvelda mönnum að finna vandamál virðiskeðjunnar og gera viðeigandi breytingar sem leiddu til hærri framlegðar fyrir hvern þátt hennar.

Farm Stock Scotland Ltd. (FSS)

FSS var stofnað árið 1996 og er tilgangur þess að hámarka hag framleiðenda með því að aðstoða við viðskipti á milli bænda og sláturleyfishafa með það að markmiði að nýta hagkvæmni stærðarinnar. Þannig segist FSS á heimasíðu sinni geta hámarkað afkomu eigenda sinna með því að lágmarka markaðskostnað, samhliða því að hámarka verð til þeirra.

FSS er í eigu bænda og sérhæfir sig í að hámarka afkomu fyrir framleiðendur. Yfir 1.000 bændur hluthafar í þessu félagi. Félagið er það stærsta innan skoska búfjáráðnaðarins.

Helstu niðurstöður – erlendum markaður

- Markaðsverð í Nýja Sjálandi á kindakjöti hefur verið nokkuð stöðugt sl. tvö ár eða í kringum 580 kr./kg að jafnaði, miðað við gengi gengisskráningu hvers árs. Verð hefur verið að hækka í USD á sama tíma.
- Verð hefur hækkað í USD milli ára. Það verð er nokkuð lægra heldur en framleiðsluverð afurðastöðvanna (hluti skýringu getur helgast af samsetningu afurða í útflutningi hér á landi).
- Útflutningsverð innlendra aðila er lægra heldur en verð sem fæst á innanlandsmarkaði og því minni hvati fyrir afurðastöðvar til að framleiða til útflutnings. Vegna smæðar hefur Ísland engin áhrif á heimsmarkaðsverð.
- Spár gera ráð fyrir að vöxtur verði í neyslu kindakjöts á nýjum mörkuðum en hann verði lítil sem enginn á nærmörkuðum Íslands. Verðþróun verði þó hæg uppávið.
- Virðiskeðja sauðfjárræktar á Írlandi og í Skotlandi virðist glíma við sambærileg vandamál og sú íslenska. Í Skotlandi hefur samkeppni verið kennt um og bent á að aukið samstarf væri líkleg lausn á vandamálum greinarinnar.



Rekstur og efnahagur

Ársreikningar 2015-2017


Ársreikningar félaganna

Afurðastöðvar höfðu ekki allar skilað inn ársreikningi fyrir rekstrarárið 2017 til ársreikningaskrár við þessa úttekt. Umfjöllun tekur mið af því. Ársreikningar 2015 og 2016 allra afurðastöðva eru hins vegar bornir saman á síðum 23 og 25 og á síðu 26-27 er farið yfir ársreikninga 2017.


Afkoma afurðastöðva á rekstrarárinu 2016 var slæm en þó betri en árið 2015 og leiddi hún m.a. til þess að allar afurðastöðvar tilkynntu um lækkun á dilkaverði til sauðfjárbænda fyrir sláturtíðina 2017.

- Afurðastöðvar boðuðu lækkað verð fyrir bændur um allt að 35% á milli ára¹. Vegna sláturtíðar 2017 gerði Bændablaðið úttekt á meðalverði sem afurðastöðvar greiddu til bænda fyrir dilkakjötskílóíð. Verðið nemur frá 341 kr./kg til 425 kr./kg þar sem meðalverðið er áætlað um 383 kr./kg².


EBITDA hlutfall árin 2015-2017



Birgðir árin 2015-2017



Afkoma árin 2015-2017



1) https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/08/23/bodud_laekkun_a_afurdaverdi_vabodi/

2) <http://www.bbl.is/frettir/frettir/verdskrar-afurdastodva-til-endurskodunar/18766/>

Heimild: Ársreikningar allra afurðastöðva. Alls höfðu fimm aðilar skilað ársreikningi árið 2017.

Rekstur 2015-2016

Staða reksturs í árslok 2015 og 2016

Heildartekjur afurðastöðva samkvæmt rekstrarreikningum þeirra árið 2016 námu um 52 ma.kr.

Kaupfélag Skagfirðinga (KS) og Sláturfélag Suðurlands (SS) eru þeirra stærst með um 80% af heildarveltu, en þessi félög eru í viðtækari starfsemi heldur en aðrar afurðastöðvar.

Rekstarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBITDA) nam á bilinu 2,2-13,7% af tekjum árið 2016. Hæst var EBITDA hjá SS og KS. Þessi félög voru einnig með hæstu EBITDA á árinu 2015.

Afkoma afurðastöðva, eftir að tekið er tillit til fjármagnsgjalda, er neikvæð fyrir greinina í heild árin 2015-2016 (að undanskildum SS og KS).

Rekstrarreikningar 2016

Fjárhæðir í m.kr.	Sláturhús KVH	SAH Afurðir	Norð-lenska	Sláturfélag Vopnfirðinga	Fjalla-lamb	Summa fimm minni aðila	Sláturfélag Suðurlands	Kaupfélag Skagfirðinga
Rekstrartekjur	1.650	1.936	4.952	499	497	9.533	11.859	30.558
Aðrar tekjur	36	48	46	15	4	148	14	629
Heildartekjur	1.685	1.984	4.998	513	501	9.681	11.873	31.187
Vörunotkun	-1.250	-1.397	-2.854	-313	-246	-6.060	-5.877	-17.887
Laun og launtengd gj.	-293	-404	-1.265	-87	-156	-2.205	-2.931	-7.470
Annar rekstrarkostnaður	-102	-141	-767	-80	-65	-1.155	-1.870	-1.629
EBITDA	40	42	112	33	34	261	1.195	4.200
% af tekjum	2,4%	2,2%	2,3%	6,6%	6,9%	2,7%	10,1%	13,7%
Afskriftir	-40	-33	-114	-6	-6	-199	-372	-1.506
EBIT	0	8	-2	27	28	62	823	2.694
Hlutdeild dótturfélaga	0	-4	19	0	0	14	0	189
Fjármagnskostnaður	-67	-90	-168	-29	-33	-386	-123	-1.067
Hagnaður fyrir skatta	-66	-86	-151	-3	-4	-310	700	1.816
Tekjuskattur	13	0	34	0	1	48	-138	-364
Afkoma	-53	-86	-116	-4	-3	-262	562	1.452

Rekstrarreikningar 2015

Fjárhæðir í m.kr.	Sláturhús KVH	SAH Afurðir	Norð-lenska	Sláturfélag Vopnfirðinga	Fjalla-lamb	Summa fimm minni aðila	Sláturfélag Suðurlands	Kaupfélag Skagfirðinga
Rekstrartekjur	1.748	1.879	4.670	497	496	9.290	10.701	31.610
Aðrar tekjur	27	57	46	-1	6	134	21	554
Heildartekjur	1.775	1.935	4.715	496	501	9.423	10.723	32.164
Vörunotkun	-1.347	-1.413	-2.699	-325	-252	-6.035	-5.594	-19.148
Laun og launtengd gj.	-275	-383	-1.204	-81	-150	-2.093	-2.555	-6.980
Annar rekstrarkostnaður	-106	-206	-791	-73	-125	-1.301	-1.848	-1.806
EBITDA	48	-67	21	17	-26	-6	726	4.231
% af tekjum	2,7%	-3,5%	0,5%	3,4%	-5,2%	-2,1%	6,8%	13,4%
Afskriftir	-35	-28	-107	-7	-6	-182	-330	-1.383
EBIT	14	-94	-86	10	-31	-188	396	2.848
Hlutdeild dótturfélaga	0	0	0	0	0	0	1	154
Fjármagnskostnaður	-45	-81	-142	-27	-21	-316	-112	-581
Hagnaður fyrir skatta	-31	-175	-228	-17	-53	-504	285	2.421
Tekjuskattur	6	-15	51	0	11	53	-55	-510
Hagnaður	-25	-190	-178	-17	-42	-452	230	1.850

Framlegð um 2,7% að jafnaði að undanskildum SS og KS. Framlegð Sláturfélags Vopnfirðinga og Fjallalamb nokkuð hærri meðal hinna félaganna.

Hlutdeild dótturfélaga hefur töluverð áhrif á afkomu KS og SS.

Afkoma neikvæð hjá fimm af sjö félögum. Afkoma jákvæð hjá KS og SS.

Ekki hægt að sjá bein tengsl milli stærðar og arðsemi miðað við þessi tvö rekstrarár að undanskildum KS og SS.

EBITDA hækkar milli ára 2015-2016. EBITDA neikvæð árið 2015

Heimild: Ársreikningar allra félaga í úttektinni fyrir árin 2015 og 2016. Ársreikningar sýna heildarstarfsemi félaganna sem kann að hafa áhrif á samanburð milli þeirra.

Efnahagur 2015

Staða efnahags í árslok 2015

Vörubirgðir er stór hluti af efnahag félaganna þar sem hlutfall birgða af heildareignum fer hæst í 69%.

Mörg félög er með talsvert háar skammtímaskuldir vegna afurðalána sem má rekja til vörubirgða sem hafa mikil áhrif á fjármagnskostnað. Hlutfall vaxtaberandi skammtímaskulda félaganna fyrir utan KS og SS er um 45-75%.

Veltufjárhlutfall KS (2,70) og SS (2,12) er töluvert hærra heldur en hinna fimm. Meðaltal þeirra er 1,04 en þar af eru tvö með undir 1,0.

Eiginfjárhlutfall KS og SS sker sig nokkuð úr og er 53-71%. Eiginfjárhlutfall annarra félaga er frá -5% til 25%.

Efnahagur SS og KS er mjög frábrugðinn hinum félögunum sökum annarrar starfsemi sem þau eru í.

Efnahagsyfirlit 2015								
Fjárhæðir í m.kr.	Sláturhús KVH	SAH Afurðir	Norð-lenska	Sláturfélag Vopnfirðinga	Fjalla-lamb	Summa fimm minni aðila	Sláturfélag Suðurlands	Kaupfélag Skagfirðinga
Fastafjármunir								
Varanlegir rekstrarfjármunir	406	355	1.463	45	66	2.336	4.542	18.033
Eignahlutir í félögum	2	6		0	1	9	8	2.885
Aðrar eignir	9	1	56		18	84	20	606
Veltufjármunir								
Vörubirgðir	755	943	1.415	396	340	3.849	2.038	5.010
Viðskiptakröfur	149	112	775	132	79	1.247	1.189	5.100
Aðrar skammtímakröfur	3	129	1		2	135	69	613
Handbært fé	15	7	1	0	0	23	101	4.897
Eignir alls	1.339	1.553	3.711	574	507	7.683	7.967	37.145
Eigið fé								
Óráðstafað og annað eigið f	231	-255	79	24	-62	18	3.523	24.837
Hlutafé	105	182	783	18	94	1.181	666	1.582
Alls	336	-73	862	42	32	1.199	4.189	26.420
Langtímaskuldir og skuldb.								
Langtímaskuldir	95	157	1.048	14	12	1.326	1.824	2.302
Aðrar skuldir		39				39	21	1.826
Tekjuskattskuldbinding	10		67			77	334	820
Skammtímaskuldir								
Viðskiptaskuldir	64	195	210	189	185	843	1.483	1.404
Aðrar skuldir	684	1.219	1.463	324	275	3.964	28	3.677
Næsta árs afborgun langtíma	150	16	62	4	3	235	88	697
Skuldir alls	1.003	1.626	2.849	532	475	6.484	3.778	10.726
Eigið fé og skuldir	1.339	1.553	3.711	574	507	7.683	7.967	37.145
Kennitölur								
Eiginfjárhlutfall	25%	-5%	23%	7%	6%	16%	53%	71%
Birgðir af heildareignum	56%	61%	38%	69%	67%	50%	26%	13%
Varanlegir rekstrarfjármunir af heildareignum	30%	23%	39%	8%	13%	30%	57%	49%
Veltufjárhlutfall	1,03	0,83	1,26	1,02	0,91	1,04	2,12	2,70

Varanlegir rekstrar-fjármunir um 8-57% af eignum afurðastöðva.

Birgðir um 13-69% af heildareignum afurðastöðva. Minnst hjá KS og SS.

Vaxtaberandi langtímaskuldir um 19% af heildar-skuldum.

Stór hluti af skuldum minni félaga eru vaxtaberandi skammtíma-skuldir.

Eiginfjárhlutfall í árslok 2015 er mjög ólíkt milli SS og KS og annarra aðila

Heimild: Ársreikningar allra félaga fyrir árið 2015. Ársreikningar sýna heildarstarfsemi félaganna sem kann að hafa áhrif á samanburð milli þeirra.

Efnahagur 2016

Staða efnahags í árslok 2016

Staða efnahags er keimlík milli ára.

Vörubirgðir er stór hluti af efnahag félaganna þar sem hlutfall birgða af heildareignum fer hæst í 74%.

Mörg félög er með talsvert háar skammtímaskuldir vegna afurðalána sem má rekja til vörubirgða sem hafa mikil áhrif á fjármagnskostnað. Hlutfall vaxtaberandi skammtímaskulda félaganna fyrir utan KS og SS er um 40-70%.

Veltufjárhlutfall KS (2,55) og SS (2,71) er töluvert hærra heldur en hinna fimm. Meðaltal þeirra er 1,09 en þar af eru tvö með undir 1,0.

Eiginfjárhlutfall KS og SS sker sig nokkuð úr og er 59-70%. Eiginfjárhlutfall annarra félaga er frá -11% til 21%.

Efnahagur SS og KS er mjög frábrugðinn hinum félögunum sökum annarrar starfsemi sem þau eru í.

Efnahagsyfirlit 2016									
Fjárhæðir í m.kr.	Sláturhús KVH	SAH Afurðir	Norð-lenska	Sláturfélag Vopnfirðinga	Fjalla-lamb	Summa fimm minni aðila	Sláturfélag Suðurlands	Kaupfélag Skagfirðinga	
Fastafjármunir									
Varanlegir rekstrarfjármunir	386	342	1.394	55	66	2.243	4.882	19.522	
Eignahlutir í félögum	2	2		0	1	4	8	3.168	
Aðrar eignir	3	0	43		19	66	0	658	
Veltufjármunir									
Vörubirgðir	851	861	1.299	406	372	3.789	1.658	4.335	
Viðskiptakröfur	135	122	786	88	96	1.227	1.243	5.618	
Aðrar skammtímaskuldir	14	67	15		2	98	47	826	
Handbært fé	17	6	2	1	0	26	511	5.804	
Eignir alls	1.408	1.401	3.539	550	556	7.454	8.349	39.932	
Eigið fé									
Óráðstafað og annað eigið f.	178	-340	470	20	-65	263	4.274	26.192	
Hlutfé	105	182	275	18	117	697	680	1.569	
Alls	283	-159	745	38	52	960	4.954	27.761	
Langtímaskuldir og skuldb.									
Langtímaskuldir	195	295	1.176	19	9	1.694	1.684	3.317	
Aðrar skuldir		33				33	23	1.668	
Tekjuskattskuldbinding	0		40			40	412	682	
Skammtímaskuldir									
Viðskiptaskuldir	47	148	287	166	191	839	422	1.859	
Aðrar skuldir	858	1.052	1.221	323	301	3.755	770	2.880	
Næsta árs afborgun langtíma	25	31	71	4	3	133	84	764	
Skuldir alls	1.125	1.560	2.794	512	504	6.494	3.395	12.171	
Eigið fé og skuldir	1.408	1.401	3.539	550	556	7.454	8.349	39.932	
Kennitölur									
Eiginfjárhlutfall	20%	-11%	21%	7%	9%	13%	59%	70%	
Birgðir af heildareignum	60%	61%	37%	74%	67%	51%	20%	11%	
Varanlegir rekstrarfjármunir af heildareignum	27%	24%	39%	10%	12%	30%	58%	49%	
Veltufjárhlutfall	1,09	0,86	1,33	1,00	0,95	1,09	2,71	2,55	

Varanlegir rekstrar-fjármunir um 10-58% af eignum afurðastöðva.

Birgðir um 11-74% af heildareignum afurðastöðva. Minnst hjá KS og SS.

Vaxtaberandi langtímaskuldir um 30% af heildar-skuldum.

Stór hluti af skuldum minni félaga eru vaxtaberandi skammtíma-skuldir.

Eiginfjárhlutfall í árslok 2016 er mjög ólíkt milli SS og KS og annarra aðila

Heimild: Ársreikningar allra félaga fyrir árið 2016. Ársreikningar sýna heildarstarfsemi félaganna sem kann að hafa áhrif á samanburð milli þeirra.

Rekstur 2017

Staða reksturs í árslok 2017

Alls höfðu fimm aðilar skilað ársreikning fyrir árið 2017 við úrvinnslu úttektarinnar og tekur umfjöllunin mið af því.

Heildartekjur afurðastöðva samkvæmt rekstrarreikningum þeirra sem höfðu skilað ársreikningi 2017 er áþekk frá árinu 2016.

Afkoma þeirra fimm félaga sem hafa skilað ársreikningi 2017 batnar milli ára og er jákvæð hjá flestum. Heildarafkoma er þó nálægt 0 hjá þeim flestum.

Rekstarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBITDA) nam á bilinu 3,8-8,2% af tekjum árið 2017. EBITDA SS lækkar milli ára en félagið ásamt KS voru með hæstu EBITDA á árinu 2015 og 2016. EBITDA annarra félaga hækkaði milli ára.

Rekstrarreikningar 2017

Fjárhæðir í m.kr.	Sláturhús KVH	SAH Afurðir	Norð-lenska	Sláturfélag Vopnfirðinga	Fjalla-lamb	Summa fimm minni aðila	Sláturfélag Suðurlands	Kaupfélag Skagfirðinga
Rekstrartekjur	1.761	1.870	5.212	476		9.319	11.741	
Aðrar tekjur	21	62	59	-31		111	13	
Heildartekjur	1.782	1.932	5.271	445		9.430	11.753	
Vörunotkun	-1.276	-1.240	-2.934	-239		-5.688	-5.825	
Laun og launtengd gj.	-310	-399	-1.345	-82		-2.136	-3.239	
Annar rekstrarkostnaður	-96	-177	-792	-88		-1.152	-1.984	
EBITDA	100	116	201	37		454	704	
% af tekjum	5,6%	6,0%	3,8%	8,2%		4,9%	6,0%	
Afskriftir	-41	-37	-118	-5		-201	-400	
EBIT	59	79	83	31		253	304	
Hlutdeild dótturfélaga						0	0	
Fjármagnskostnaður	-48	-74	-136	-24		-282	-109	
Hagnaður fyrir skatta	11	5	-53	7		-29	196	
Tekjuskattur	-2		11			8	-36	
Afkoma	9	5	-43	7		-21	160	

Framlegð um 4,9% að jafnaði að undanskildum SS. Framlegð Sláturfélags Vopnfirðinga nokkuð hærri meðal hinna félaganna.

Afkoma jákvæð hjá fjórum af fimm félögum. Afkoma þó nálægt 0.

Ekki hægt að sjá bein tengsl milli stærðar og arðsemi miðað við rekstrarárið 2017.

EBITDA hækkar milli ára 2016-2017 hjá fjórum af fimm félögum.

Heimild: Ársreikningar þeirra félaga sem höfðu skilað ársreikningi 2017 við úrvinnslu úttektar. Ársreikningar sýna heildarstarfsemi félaganna sem kann að hafa áhrif á samanburð milli þeirra.

Efnahagur 2017

Staða efnahags í árslok 2017

Vörubirgðir er stór hluti af efnahag félaganna þar sem hlutfall birgða af heildareignum fer hæst í 83%.

Staða heildarbirgða lækkar þó um 560 m.kr. milli ára 2016 og 2017.

Mörg félög er með talsvert háar skammtímaskuldir vegna afurðalána sem má rekja til vörubirgða sem hafa mikil áhrif á fjármagnskostnað. Hlutfall vaxtaberandi skammtímaskulda félaganna fyrir utan SS er um 40-80%.

Veltufjárhlutfall SS (2,21) er töluvert hærra heldur en hinna fimm. Meðaltal þeirra er 1,11 en þar af eru eitt með undir 1,0.

Eiginfjárhlutfall SS sker sig nokkuð úr og er 60%. Eiginfjárhlutfall annarra félaga er frá -12% til 22%.

Efnahagur SS er mjög frábrugðinn hinum félögunum sökum annarrar starfsemi sem þau eru í.

Efnahagsýfirlit 2017								
Fjárhæðir í m.kr.	Sláturhús KVH	SAH Afurðir	Norð-lenska	Sláturfélag Vopnfirðinga	Fjallalamb	Summa fimm minni aðila	Sláturfélag Suðurlands	Kaupfélag Skagfirðinga
Fastafjármunir								
Varanlegir rekstrarfjármunir	370	335	1.181	51		1.937	5.539	
Eignahlutir í félögum	2	2		0		4	13	
Aðrar eignir	1		35			36		
Veltufjármunir								
Vörubirgðir	755	687	1.042	373		2.857	1.662	
Viðskiptakröfur	218	185	828	25		1.256	1.187	
Aðrar skammtímaskuldir	35	19	35	1		90	100	
Handbært fé	32	7	3			42	156	
Eignir alls	1.412	1.235	3.124	450		6.221	8.657	
Eigið fé								
Óráðstafað og annað eigið fé	187	-335	428	27		307	4.492	
Hlutafé	105	182	275	18		580	689	
Alls	292	-153	703	45		887	5.181	
Langtímaskuldir og skuldb.								
Langtímaskuldir	177	271	996	18		1.462	1.624	
Aðrar skuldir		29	29			58		
Tekjuskattskuldbinding						0	449	
Skammtímaskuldir								
Viðskiptaskuldir	17	90	267	129		503	470	
Aðrar skuldir	907	971	1.058	257		3.193	848	
Næsta árs afborgun langtíma	18	27	71	2		118	85	
Skuldir alls	1.120	1.388	2.421	405		5.334	3.476	
Eigið fé og skuldir	1.412	1.235	3.124	450		6.221	8.657	
Kennitölur								
Eiginfjárhlutfall	21%	-12%	22%	10%		14%	60%	
Birgðir af heildareignum	53%	56%	33%	83%		46%	19%	
Varanlegir rekstrarfjármunir af heildareignum	26%	27%	38%	11%		31%	64%	
Veltufjárhlutfall	1,10	0,83	1,37	1,03		1,11	2,21	

Varanlegir rekstrarfjármunir um 11-64% af eignum afurðastöðva.

Birgðir um 19-83% af heildareignum afurðastöðva.

Minnst hjá SS hjá þeim höfðu skilað inn ársreikningi.

Vaxtaberandi langtímaskuldir um 35% af heildarskuldu.

Stór hluti af skuldum minni félaga eru vaxtaberandi skammtímaskuldir.

Eiginfjárhlutfall í árslok 2017 er mjög ólíkt milli SS og annarra aðila

Heimild: Ársreikningar allra félaga fyrir árið 2017. Ársreikningar sýna heildarstarfsemi félaganna sem kann að hafa áhrif á samanburð milli þeirra.



Gagnasöfnun frá afurðastöðvum

Samantekt

Virðisikeðja

Meðalverð til bænda fyrir kíló af dillkakjöti fyrir sláturtíð 2017 var 383 kr./kg.*

Á stöplartínu hér til hliðar má sjá greiningu kostnaðarliða virðisikeðjunnar allrar. Innan bláa kassans eru kostnaðarliðir þess hluta virðisikeðjunnar sem þessi úttekt nær yfir (frá bónda til búðar) og er þar miðað við svör frá afurða-stöðvunum. Tölurnar eru meðaltal allra svara afurðastöðva.

Jafnframt táknar rauða brotalínan heimsmarkaðsverð samkvæmt tölum Meat Trade Journal og World Bank og græna brotalínan meðal útflutningsverð íslenskra sauðfjárafurða árið 2017 samkvæmt svörum frá afurðastöðvum.

Ljóst má vera að sjálfur sláturkostnaðurinn er langstærsti kostnaðarliður þessa hluta virðisikeðjunnar og nemur hann um 85% hennar.


Eins og fram kemur á síðu 11 var áætlað að bændur fengju um 570 kr./kg en meðalverð í lok árs 2017 var 383 kr./kg. Þrátt fyrir talsverða lækkun á verðum til bænda er framleiðslukostnaður þó nokkuð yfir heimsmarkaðsverði á kjöti og útflutningsverði samkvæmt upplýsingum frá afurðastöðvum. Það er því lítil hvari til að framleiða til útflutnings miðað við meðalverð útflutningsafurða.

Á næstu síðum er frekari umfjöllun um þessa þrjá þætti virðisikeðjunnar. Tilgreindur er hæsti uppgegni kostnaður aðila í virðisikeðjunni (hágildi), sá lægsti (lágildi) og meðaltal allra afurðastöðva. Þetta er gert fyrir tímabilið 2015-2017.

Kostnaðarskipting virðisikeðju

Myndin að neðan sýnir veginn meðalkostnað fyrir árið 2017. Tölur fyrir flutning að sláturhúsi, kostnaður við slátrun, kælingu og vinnslu ásamt flutningi til dreifingaraðila byggir eingöngu á upplýsingum frá afurðastöðvum.

Verð til bænda byggir á samantekt Bændablaðsins sem birt var í blaðinu þann 8. febrúar 2018 og síðan leiðrétt eftir ábendingar afurðastöðva þann 22. febrúar á heimasíðu Bændablaðsins.



Byggt eingöngu á svörum frá afurðastöðvum.

Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum, IndexMundi (byggt á gögnum Meat Trade World Journal og World Bank, Hafa þarf í huga að samsetning afurða útflutnings getur verið ólík milli landa sem kann að hafa áhrif á samanburð milli þeirra)

* Upplýsingar úr úttekt Bændablaðsins – febrúar 2018.

Flutningskostnaður



Flutningskostnaður að slátruhúsi

Flutningskostnaður var að meðaltali um 26 kr. á hvert kílógramm á tímabilinu 2015-2017. Flutningskostnaður er nokkuð jafn milli ára.

Kostnaður við flutning fjár að slátruhúsi er mismunandi á milli afurðastöðva, enda hafa fjarlægðir og e.t.v. stærðarhagkvæmni töluverð áhrif. Ríflega þrefaldur munur er á lægsta kostnaði og þeim hæsta. Samkvæmt upplýsingum frá afurðastöðvum er ekki alltaf verið að flytja fé að næsta slátruhúsi en slíkt hefur áhrif flutningskostnað.

Heildar flutningskostnaður að slátruhúsi hefur verið 260-277 m.kr. á tímabilinu.

Ef næðist að lækka kostnað þeirra sem eru yfir meðaltali niður í meðaltal yrði flutningskostnaður 235-249 m.kr. Mismunurinn er 25-30 m.kr. á ári byggt á upplýsingum fyrir 2015-2017.


Flutningskostnaður til dreifingaraðila

Ekki fengust upplýsingar um flutningskostnað til dreifingaraðila frá öllum afurðastöðvunum sem getur skekkt samanburðinn og því er ekki hægt að leggja mat á heildar flutningskostnað.

Flutningskostnaður til dreifingaraðila er nokkuð jafn milli ára fyrir utan einn aðila. Að meðaltali er flutningskostnaður til dreifingaraðila um 20% hærri á tímabilinu heldur en að slátruhúsi á tímabilinu.

Flutningskostnaður til dreifingaraðila er að meðaltali um 30 kr. á hvert kílógramm á tímabilinu 2015-2017.


Flutningskostnaður að slátruhúsi



---♦--- Hággildi ---■--- Lággildi ---▲--- Meðaltal

Byggt eingöngu á svörum frá afurðastöðvum.

Flutningskostnaður til dreifingaraðila



---♦--- Hággildi ---■--- Lággildi ---▲--- Meðaltal

Samkeppni

Ekkert er í lögum eða reglum sem meinar bændum að velja sér það slátruhús sem þeir kjósa að eiga viðskipti við. Jafnframt er fátt sem hindrar að fénu sé ekið lengri leið og jafnvel framhjá einu slátruhúsi til að koma því í það næsta. Þó ber að hafa í huga að samkvæmt reglugerð um velferð dýra í flutningi nr. 527/2017 er óheimilt að flytja dýr lengur en 8 klukkustundir í landflutningum, en þó er heimilt að flutningar gripa í slátruhúsrétt taki allt að 10 klukkustundir.

Hins vegar er það ekki sjálfgefið að slátruhús taki við nýjum viðskiptavinum og því er raunveruleg samkeppni takmörkuð eða engin.

Þar sem sala kindakjöts fer minnkandi, eins og fram kemur á síðum 12-13, hafa afurðastöðvar takmarkaðan áhuga á auknu hráefni.

Samantekt

Flutningskostnaður nemur alls um 56 kr./kg að meðaltali til og frá afurðastöðvum. Það er um 17% af framleiðslukostnaði.

Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum skv. spurningalista KPMG sem afurðastöðvar svöruðu.

*Hafa þarf í huga að upplýsingar um kostnað byggja eingöngu á svörum afurðastöðva til KPMG. Mögulegt er að skráning kostnaðar sé mismunandi milli aðila sem getur haft áhrif á samanburð milli þeirra.

Kostnaður við slátrun



Kostnaður við slátrun

Kostnaður við slátrun hefur að jafnaði hækkað um 4% milli ára. Munur á milli hágildis og lággildis í kostnaði er töluverður. Árlegur heildarslátrurkostnaður hefur verið um 2.500-2.700 m.kr. á árunum 2016-2017.

Ef að hægt yrði að hagræða í þeim slátruhúsum þar sem slátrurkostnaður er hærri þannig að hann liggi nær meðaltalskostnaði myndi slátrurkostnaður lækka í 2.200-2.400 m.kr. Mismunurinn er um 300 m.kr. á ári.

Samanburður á þessum kostnaði milli aðila getur verið vandasamur þar sem slátruhús geta verið með fleiri en eina afurð þar sem verið er að samnýta ýmis aðföng eins t.d. búnað, húsnaði og starfsfólk. Þar sem afurðastöðvar eru eingöngu sjö hafa svör hvers og eins mikil áhrif á meðaltöl sem taka þarf mið af.


Kostnaðartölur tveggja aðila eru nokkuð frábrugðnar öðrum. Ef tölur fyrir þá aðila sem eru með lægsta kostnaðinn yrði ekki með í meðaltalinu þá yrði munurinn milli lággildis og hágildis um 20-25%*.

Kostnaður við slátrun

Kostnaður tekur til slátrunar, kælikostnaðar og grófvinnslu en ekki fékkst nægjanlegt niðurbrot á þessum liðum frá afurðastöðvum til áætla hvern þátt fyrir sig.

Kostnaðurinn við slátrun er langstærsti kostnaðarliður virðiskeðjunnar sem lá til grundvallar í þessari úttekt. Að jafnaði er kostnaður vegna slátrunar um 80-85% af heildarkostnaði.

Kostnaður við slátrun



Byggt eingöngu á svörum frá afurðastöðvum.

Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum skv. spurningalista KPMG sem afurðastöðvar svörðuðu

*Hafa þarf í huga að upplýsingar um kostnað byggja eingöngu á svörum afurðastöðva til KPMG. Skráning kostnaðar getur verið mismunandi milli aðila sem kann að hafa áhrif á samanburð milli þeirra sem og túlkun á heildarniðurstöðum.

Vegið söliverð á öllum afurðum

Innanlandsverð

Vegið meðalverð á kindakjöt er mjög áþekkt milli flestra afurðastöðva. Verð byggja á svörum aðila sem gáfu upp meðalverð allra afurða til að fá út meðalverð.

Vegið meðalverð kindakjöts á innanlandsmarkaði lækkaði á árinu 2017 frá árinu á undan.

Verðbil milli hæsta og lægsta verðs hefur verið 14-26% á tímabilinu. Mesti munur var árið 2017.

Útflutningsverð

Vegið meðalútflutningsverð hefur farið lækkandi á tímabilinu. Verðbil milli hæsta og lægsta verðs er mest á árinu 2017.


Vegið meðalverð kindakjöts á útflutningsmarkaði lækkaði á árinu 2017 frá árinu á undan.

Verðbil milli hæsta og lægsta verðs hefur verið 10-33% á tímabilinu. Mesti munur var árið 2016.


Að jafnaði er mismunur milli innlandsverðs og útflutningsverðs tæplega 50% á þessu tímabili, en taka ber fram að samsetning afurða milli innflutnings og útflutnings sem getur haft áhrif á samanburð á meðalverði. Miðað við útflutningsverð sem afurðastöðvar gefa upp og kostnað við flutning og slátrun og greiðslum til bænda þá borgar sig ekki að framleiða til útflutnings.

Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum skv. spurningalista KPMG sem afurðastöðvar svöruðu. Stuðst við söliverð afurðastöðva fyrir 2015-2017.

Vegið söliverð á öllum afurðum - innanlands



Vegið söliverð á öllum afurðum - Útflutningur



Hafa ber í huga að samanburður á söliverðum getur verið mismunandi eftir samsetningu afurða sem spurt var um sem og hlutfall afurðar sem er úrbeinuð eða ekki.

Vegið söluverð á ákveðnum afurðum

Að öllu jöfnu er verð á innanlandsmarkaði nokkuð hærra en útflutningsverð. Verðið var nokkuð sambærilegt á árinu 2016 en útflutningsverð lækkaði nokkuð á árinu 2017. Á árinu 2017 nam útflutningsverð eingöngu um 70% af meðalsölverði innanlands.

Innanlandsverð

Borið var saman meðalheildsölverð á hrygg, læri og framparti.

Af þessum þrem vörum gefur hryggur hæsta verðið. Að jafnaði er kílóverð á hrygg um 45% hærri en kílóverð á læri. Aftur á móti er kílóverð á læri um 60% hærri en á framparti á árunum 2016-2017.

Af þessum þremur afurðum er salan minnst í hryggjum en álíka mikil í lærum og framparti yfir þetta þriggja ára tímabil.

Útflutningsverð

Borið var saman meðalútflutningsverð á hrygg, læri og framparti.


Af þessum þrem vörum gefur hryggur einnig hæsta útflutningsverðið. Að jafnaði er kílóverð á hrygg um 33% hærri en kílóverð á læri miðað við síðustu tvö ár. Aftur á móti er kílóverð á læri um 62% hærri en á framparti fyrir sama tímabil.

Af þessum þremur afurðum er salan minnst í hryggjum en mestur er útflutningur á framparti miðað við gefnar upplýsingar.


Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum skv. spurningalista KPMG sem afurðastöðvar svöruðu. Stuðst við sölverð þeirra sem skiluðu verði fyrir hrygg, læri og frampart.

* Ekki bárust nægjanleg svör frá afurðastöðvum fyrir árið 2015 og því ekki er samanburður fyrir það ár.

Vegið meðalsölverð á helstu afurðum- innanlands



Vegið meðalsölverð á helstu afurðum- útflutningur



Byggt eingöngu á svörum frá afurðastöðvum.

Hafa ber í huga að samanburður á sölverðum getur verið mismunandi eftir því hvort afurðir séu úrbeinaðar eða ekki sem getur haft áhrif á samanburð.

Spurningar og svör

Spurningar

Ásamt tölulegum upplýsingum frá sjö afurðastöðvum þá svöruðu þeir 14 spurningum sem KPMG lagði fyrir þá. Spurningarnar voru nokkuð opnar og svörin því ekki ávallt einsleit.

Á næstu síðum má sjá töflu með níu af þessum 14 spurningum listuðum upp, ásamt samantekt svara og ábendunum KPMG.

Svör við hinum fimm spurningunum snúa ýmist að aðferðarfræði við flokkun, kælingu og vinnslu og svör þeirra eru í viðauka.

Samantekt svara allra þátttakenda við þessum 14 spurningum er svo í viðauka.

Lagðar voru sömu spurningar fyrir tvo fulltrúa Landssamtaka sauðfjárbænda sem svöruðu þeim spurningum sem ekki voru um vinnslu afurða. Samantekt þeirra svara er einnig að finna í viðauka.

Helstu niðurstöður – Gangasöfnun frá afurðastöðvum

- Fulltrúar afurðastöðva eru nokkuð sammála um að framleiðslumagn sé of mikið miðað við eftirspurn og verð á markaði. Framleiðslugeta núverandi tækja stendur undir sláturmagni. Möguleiki að nýta núverandi tækjabúnað betur.
- Flestir í greininni telja að sláturhúsum þyrfti að fækka til að mæta mögulega minni framleiðslu, lakari afkomu, tryggja betri nýtingu aðfanga og gera afurðastöðvum kleift að innleiða skilvirkari framleiðslulínur í framtíðinni.
- Hagræðingartækifæri geta legið í samvinnu í ákveðnum þáttum virðiskeðjunnar en slíkt þyrfti að skoða með tilliti til samkeppnislaga. Önnur tækifæri gætu legið í lengingu sláturtíðar til að auka framboð á fersku kjöt en taka þarf tillit til ýmissa kostnaðarliða eins og t.d. vinnuafis.
- Önnur tækifæri til hagræðingar gætu verið með lengingu á sláturtíð en taka þyrfti tillit til þess að flestir starfsmenn koma erlendis frá.
- Varðandi útflutning hafa ekki verið færð sannfærandi rök fyrir því að til séu markaðir þar sem hægt væri að selja íslenskt lambakjöt sem munaðarvöru á hærra verði en almennt gerist á heimsmarkaði. Samdráttur í framleiðslu er líklega skynsamasta viðbragðið við lágu útflutningsverði.
- Samkvæmt Bændasamtökunum kallar núverandi ástand með harðandi samkeppni á aukna skilvirkni og að allar leiðir til hagræðingar verði nýttar.

Spurningar og svör

Samantekin svör frá afurðastöðvum við helstu spurningum		
Spurning	Samantekt úr svörum	Ábendingar KPMG
Hvar liggja tækifæri til hagræðingar að þínu mati?	Flestir fulltrúar afurðastöðva nefna að fækkun sláturhúsa sé besta leiðin til hagræðingar, en sumir nefna jafnframt að samvinna húsa og lenging sláturtíðar myndu einnig hjálpa til. Einn nefnir að lágmörkun fjárflutninga ætti að vera markmið ef ráðist verður í breytingar.	Fækkun sláturhúsa virðist vera sú leið til hagræðingar sem flestir í greininni benda á. Hagkvæm sérhæfing húsa er líklega háð því að þau geti samhliða því fjárfest í framleiðslutækni sem eykur afkastagetu þeirra. Því hangir sú leið líklega saman við fækkun húsa svo hvert hús vinni í framtíðinni meira magn og nýti þannig nýfjárfestingu sína betur.
Er að þínu mati sláturmagn hæfilegt / of mikið / of lítið? Ákjósanlegar leiðir til að nálgast rétt magn?	Flestir telja sláturmagn vera of mikið fyrir markaðinn þó sum hús gætu eflaust bætt við sig. Tveir nefna að framleiðslustýring eða samráð gæti leitt af sér töluverða hagræðingu.	Það er hugsanlegt að samráð eða samvinna aðila gæti skilað meiri ávinningi heldur en er á þessum markaði í dag. Slíkt fyrirkomulag yrði þó alltaf að vera þannig að eftirlit yrði með hvernig verðmyndun ætti sér stað. Í samtölum við fulltrúa afurðastöðva var rætt um lækkun á framleiðslumagni um 10-15%. Til að draga úr magni er væntanlega ekki hægt að láta hvern aðila minnka framleitt magn hjá sér. Það ýtir undir frekari vannýtingu á tækjum og mannafla. Til að minnka framleiðslumagn þyrfti væntanlega að loka sláturhúsum.

Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum skv. spurningalista KPMG sem afurðastöðvar svöruðu.

Spurningar og svör

Samantekin svör frá afurðastöðvum við helstu spurningum		
Spurning	Samantekt úr svörum	Ábendingar KPMG
Verð á kjöti til útflutnings hefur verið lágt með tilheyrandi áhrifum á rekstur sláturleyfishafa. Hvaða möguleikar eru til að bregðast við því að þínu mati?	Meiri hluti svarenda telur raunhæfustu viðbrögðin við lágu útflutningsverði felast í minni framleiðslu. Þó nefnir einn að enn sé von til að finna markað sem er tilbúinn til að greiða hærra verð fyrir íslenskt lambakjöt sem munaðarvöru.	Ekki hafa verið færð sannfærandi rök fyrir því að til séu markaðir þar sem hægt væri að selja íslenskt lambakjöt sem munaðarvöru á mun hærra verði en almennt gerist á heimsmarkaði. Samdráttur í framleiðslu er líklega skynsamasta viðbragðið við lágu útflutningsverði. Afurðastöðvar mega vinna saman þegar kemur að útflutningi, en að því sem best er vitað er sú vinna ekki á einni hendi í dag. Með því að hafa sameiginlega sölumiðstöð fyrir útflutning getur það aukið skilvirkni sem tryggir rétta upplýsingagjöf til afurðastöðva og að verið sé að þjónusta þá markaði sem útflutningur á beinast að, en miðað við kostnað við slátrun á móti útflutningsverði gefur það lítinn hvata til útflutnings.
Eru að þínu mati möguleikar til aukinnar hagkvæmni í rekstri sláturhúsa t.d. með lengingu sláturtíðar og betri nýtingu fjármuna með vaktavinnu í sláturtíð?	Flestir telja að hófleg lenging sláturtíðar, eða um tvær vikur, myndi auka hagkvæmni í greininni. Hins vegar myndi vaktavinnu litlu skila vegna aukins kostnaðar. Einn af sjö svarendum er þó á öndverðum meiði.	Svo virðist sem lenging sláturtíðar um tvær vikur gæti aukið hagkvæmi slátrunar án þess að auka kostnað bænda sem neinu næmi og yrði því greininni til heilla. Hafa þarf þó í huga að langflestir sem vinna við sláturtíð í afurðastöðvum eru erlendir starfsmenn sem koma hingað til lands með það fyrir augum að vinna í skamman tíma. Slíkur starfskraftur kallar á aukakostnað vegna ferðalaga og ekki síst aukinn húsnæðiskostnað.

Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum skv. spurningalista KPMG sem afurðastöðvar svöruðu.

Spurningar og svör

Samantekin svör frá afurðastöðvum við helstu spurningum		
Spurning	Samantekt úr svörum	Ábendingar KPMG
Eru að þínu mati sláturhús of mörg og / eða er hægt að bæta nýtingu þeirra?	Flestir telja að sláturhúsum megi fækka jafnvel niður í þrjú sérhæfð hús að mati tveggja. Þó efast einn um að færri hús anni því sláurmagni sem er slátrað í dag.	Það virðist nokkuð áleitin spurning hvort fækkun sláturhúsa e.t.v. með lengingu sláturtíðar og/eða sérhæfingu þeirra væri ekki skynsamlegt skref af hálfu greinarinnar. Ekki er lagt mat á það hér hvort inngrip hins opinbera, s.s. hvati til sameiningar og sérhæfingar, samræmist gildandi lögum.
Er að þínu mati hægt að bæta skipulag slátrunar? Ef svo er, hvernig?	Allir fulltrúar afurðastöðva voru á því að bæta megi skipulag slátrunar, en flestir telja að það verði helst gert með einhverskonar samráði aðila sem í dag er óheimilt skv. lögum. Helst er nefnt að lenging sláturtíðar og skipulagning flutninga myndi skila meiri hagkvæmni.	Svo virðist sem greinin telji afurðir bænda vera nokkuð staðlaða vöru og því er ekki til staðar fagleg sérhæfing sem tengir hana við ákveðið sláturhús. Því er eðlilegt að velta fyrir sér hvort einhverskonar samráðsvettvangur um skipulagningu innkaupa gæti lækkað kostnað og dregið úr vegalengdum flutninga.
Eru að þínu mati mestu mögulega vörugæði og verðmæti tryggð, s.s. varðandi meyrnun, kælingu, frágang og pökkun?	Flestir eru sammála því að vörugæði væri hægt að bæta með litlum tilkostnaði. Frysta minna magn í heilu, pakka meira fersku, setja hámarksþyngd á dilka o.fl. er nefnt sem mögulegar aðgerðir	Þó ekki sé bent sérstaklega á nein sóknarfæri í þessu er mikilvægt að fylgjast stöðugt með þróun til að tryggja enn frekar vörugæði og verðmæti, sem ætti að auka möguleika á hærri verði fyrir vöruna.

Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum skv. spurningalista KPMG sem afurðastöðvar svöruðu.

Spurningar og svör

Samantekin svör frá afurðastöðvum við helstu spurningum		
Spurning	Samantekt úr svörum	Ábendingar KPMG
Eru að þínu mati möguleikar til aukinnar hagræðingar og verðmætasköpunar t.d. með betri tæknibúnaði í slátruhúsum, þ.m.t. við slátrun, skurð og pökkun?	Flestir telja að betri tækjabúnaður gæti aukið hagræði og verðmætasköpun.	Aukin tæknivæðing er óumflýjanleg en henni verður að líkindum ekki hraðað nema að húsum fækki og hvert þeirra geti unnið meira magn. Til að auka sjálfvirkni þyrfti að fjárfesta í tækjum sem gætu aukið hagkvæmni, en til að það sé hagkvæmt þarf að vera hægt að rökstyðja þá fjárfestingu. Miðað við þá nýtingu sem er á núverandi fjárfestingu getur reynst erfitt að halda í við þá tækniþróun sem á sér stað í vinnslu.
Er að þínu mati ávinningur í því að hafa sölu og dreifingu frá öllum afurðastöðvum á einni hendi?	Allir nema tveir telja að slík samvinna í sölu og dreifingu mundi skila ávinningi, en breyta þyrfti lögum til að það gæti orðið að veruleika. Sumir benda á MS-módelið í mjólkuriðnaði sem leið sem þessi geiri ætti að stefna að. Tveir nefna þó að greinin þurfi heilbrigða samkeppni.	Líklega er samkeppnin á þessum enda virðiskeðjunnar að skila ávinningi til neytenda í dag. Þó samvinna eða samráð yrði með einhverjum hætti leyft í efri hluta keðjunnar, s.s. í innkaupum dilka, slátrun og grófvinnslu, þá gildir ekki endilega það sama um neðri hluta hennar, þ.e. þegar nær kemur neytandanum. Varðandi umræðu um MS-módelið svokallaða þarf að tryggja gagnsæi í öllu slíku ferli. Afurðastöðvarnar starfa í samkeppni á innanlandsmarkaði m.a. við aðrar kjötvörur (staðgengisvörur). Sú samkeppni virðist nokkuð virk.

Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum skv. spurningalista KPMG sem afurðastöðvar svöruðu.



Viðauki

Samantekt svara frá afurðastöðvum

Hvar liggja tækifæri til hagræðingar að þínu mati?

- Fækka sláturhúsum og leyfa verkaskiptingu milli sláturhúsa.
- Minnka framleiðslu kindakjöts á landsvísi um 10-15%.
- Skoða frekari verkaskiptingu milli afurðastöðva og kjötvinnslu.
- Möguleikar að vera með meiri sérstöðu vegna þess að Ísland er gott merki.
- Með meiri verkaskiptingu milli afurðastöðva væri hægt að glíma betur við þá umframleiðslu sem hefur verið til staðar.
- Þyrfti að skoða að takmarka fjárflytninga.
- Mögulega væri hægt að ná fram hagræðingu með lengingu á sláturtíð þar sem möguleiki væri að vera með meiri vinnslu á tímabilinu fyrir ferskt kjöt. Tækifæri að ná meiri nýtingu á sláturlínu.
- Hagræðingarmöguleikar að sameina dreifingu og sölu.

Er að þínu mati sláturmagn hæfilegt / of mikið / of lítið? Ákjósanlegar leiðir til að nálgast rétt magn?

- Flestir sammála um að sláturmagn sé of mikið.
- Út frá neyslu er verið að framleiða of mikið sem nemur um 10-20%.
- Út frá tækjum og tólum afurðastöðva er verið að framleiða of lítið.
- Út frá núverandi starfssemi (sláturlínu) er framleiðslumagnnið hæfilegt eða við hámark miðað við sláturtíð.
- Ekki mikill vilji hjá aðilum í dag að auka innlegg hjá sér vegna erfiðleika í rekstri.
- Hugsanlega ætti að skoða framleiðslustýringu.
- Mikilvægt að ná tökum á framleiðslu og stýringu til að ná jafnvægi milli framboðs og eftirspurn.
- Huga þarf að gæðum kjötsins við hagræðingu. Hagræðing má ekki koma niður á kjötgæðum.

Verð á kjöti til útflutnings hefur verið lágt með tilheyrandi áhrifum á rekstur sláturleyfishafa. Hvaða möguleikar eru til að bregðast við því að þínu mati?

- Aðilar sammála um að draga þurfi úr framleiðslu og ekki hvetjandi að auka sölu inná markaði sem eru í samkeppni við kjöt frá t.d. Nýja Sjálandi.
- Framleiðslukostnaður er mun hærri heldur en heimsmarkaðsverð.
- Sérhæfing sláturhúsa getur verið möguleiki til að lágt verð á útflutningi verðfelli ekki verð á innanlandsmarkaði.
- Draga úr framleiðslu til að geta flutt á þá markaði sem borga hæsta verðið. Auka síðan framleiðslu þegar markaðir taka við sér.
- Mögulega að finna sérhæfðari markaði til að selja íslenskt lambakjöt á mögulega hærri verði.
- Samvinna með útflutning er það eina sem getur hámarkað söluverðið.

Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum skv. spurningalista KPMG sem afurðastöðvar svöruðu.

Samantekt svara frá afurðastöðvum

Eru sláturhús of mörg og/eða er hægt að bæta nýtingu þeirra?

- Skiptar skoðanir eru á þessum lið meðal afurðastöðva.
- Sökum þess magns sem er framleitt er talið að ekki sé hægt að fækka afurðastöðvum.
- Mögulega hægt að bæta nýtingu þeirra og jafnvel hafa sérhæfingu milli þeirra.
- Mögulega væri hægt að fækka sláturhúsum frá 1-3 til að nýta sláturhús betur miðað við fjárfestingu.
- Huga þarf vel að staðsetningu húsa ef huga á að fækkun þeirra með tillit til flutnings á fé.

Er skipulagning slátrunar nægilega góð?

- Talið að með lengingu á sláturtíð getur skapast möguleiki á að bæta skipulag slátrunar.
- Þyrfti að vera skýrari upphaf og enda á sláturtíð meðal allra aðila sem og virkari stýring á gögnum og smalamennsku. Slíkt gæti bætt flutning á sláturfé.
- Með betra samráði milli aðila væri hægt að ná fram betra skipulagi en vegna samkeppnislaga væri slíkt samráð ekki í boði þar sem afurðastöðvar mega ekki ræða sín á milli á þeim nótum.
- Einn möguleiki að skipuleggja slátrun betur væri að bóndi mætti ekki fara framhjá nema einu sláturleyfishúsi á leið til slátrunar. Með því væri verið að stytta flutningstíma á sláturfé.

Eru mestu mögulegu vörugæði og verðmæti tryggð, ss. varðandi meyrnun, kælingu, frágang og pökkun?

- Aðilar eru að mestu leyti sammála um að unnið sé eftir þeim kröfum sem til greinarinnar er gerð.
- Bent er þó á að hægt sé að gera betur t.d. varðandi hámark á þyngd á dilka og að ekki sé greitt fyrir verð sem er yfir ákveðnum kílófjölda.
- Ekki er bent sérstaklega á nein sóknarfæri en aðilar telja að slíkt sé umræðunnar virði að kanna hvort hægt sé að gera betur.

Samantekt svara frá afurðastöðvum

Eru möguleikar til aukinnar hagkvæmni í rekstri sláturhúsa með lengingu sláturtíðar og betri nýtingu fjármuna með vaktavinnu í sláturtíð?

- Aðilar sjá kosti í því að lengja sláturtíð eins og nefnt í svarinu að framan varðandi skipulag slátrunar.
- Helsti ókostur við lengingu á sláturtíð er mönnun. Mönnun í dag er vaktavinnufólk sem kemur til landsins og vinnur í skamman tíma.
- Launakostnaður og sér í lagi húsnæðiskostnaður á þessum árstíma hefur valdið vandræðum hjá afurðastöðvum undanfarin ár.
- Mögulega þyrfti að breyta til í sláturleyfishúsum til að takast á við lengingu sláturleyfistíðar.

Eru möguleikar til aukinnar hagræðingar og verðmætasköpunar með betri tæknibúnaði í sláturhúsum, þ.m.t. við slátrun, skurð og pökkun?

- Aðilar eru ekki að öllu leyti sammála um þetta atriði.
- Að einu leyti er talið að umfram eðlilega þróun séu sláturleyfishús búin þeim búnaði sem hámarkar verðmætasköpun.
- Að öðru leyti er talið að fjárfesta sé þörf þar sem fjárfestingar hafa ekki haldið í takt við framþróun í greininni.

Er ávinningur í því að hafa sölu og dreifingu frá öllum afurðastöðvum á einni hendi?

- Skiptar skoðanir eru á þessum lið meðal afurðastöðva.
- Vegna samkeppnissjónarmiða telja aðilar það ekki skynsamlegt að hafa þetta á einni hendi.
- Til að tryggja hagkvæmni og flæði er bent á MS-módelið sem hefur virkað ágætlega. Ef slíkt yrði gert þyrfti að tryggja að fyrirkomulag þess sé mjög skýrt gagnvart öllum aðilum.
- Bent á að skoða þyrfti ávinning með tilliti til jafnræðis milli framleiðanda þ.e. sláturhúsa og kjötvinnslu.
- Mögulega mætti sparast fjármunir með því að hafa þetta á einni hendi en væntanlega þyrfti að gera undanþágu frá samkeppnislögum.
- Nefnt að möguleiki sé að skoða þetta fyrirkomulag varðandi útflutning.

Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum skv. spurningalista KPMG sem afurðastöðvar svöruðu.

Samantekt svara frá afurðastöðvum

Hvernig er fyrirkomulag hjá þér/þínu félagi varðandi vinnslu, skurð og pökkun skrokka / sauðfjárafurða?

- Mismunandi vinnsla er hjá hverri afurðastöð.
- Afurðir fara ýmist fara í heilum skrokkum, sjö parta sögun og/eða hlutaður niður strax og settur í neytendapakningar.
- Hluti er seldur ferskur en stærri hluti er frystur.

Getur þú sagt okkur frá úthlutun kostnaðar niður á vöruflokka og aðferðafræði við mat á söluverði er hjá þér/þínu félagi?

- Mat á söluverði fer eftir markaðsverði hvers tíma. Söluverð ræðst því að markaðsaðstæðum en ekki af kostnaði.
- Kostnaðarskipting á að vera sem næst raunkostnaði.
- Kostnaðarverð ræðst af slátrun og kostnaði við meðhöndlun við vinnslu vörunnar.
- Kostnaður fellur því á vöruflokka eftir þá vinnu sem verður til í kringum viðkomandi flokk.

Hvernig er fyrirkomulag hjá þér/þínu félagi varðandi kælingu / frystingu? Hvernig er æskilegt fyrirkomulag kælingar / frystingar að mati þínu mati?

- Svipað fyrirkomulag hjá flestum aðilum. Lambakjöt er kælt og látið hanga í a.m.k. 16 klukkustundir og síðan er það fryst.
- Æskilegt fyrirkomulag er að kæla yfir nótt og síðan fryst. Mikilvægt að stytta ekki þann tíma.

Heimild: Upplýsingar frá afurðastöðvum skv. spurningalista KPMG sem afurðastöðvar svöruðu.

Samantekt frá Landssamtökum sauðfjárbænda

Ástandið og harðandi samkeppni kallar á aukna skilvirkni og að allar leiðir til hagræðingar séu nýttar. Möguleikar til hagræðingar liggja m.a.:

- Í bættu skipulagi á flutningum.
- Færri sláturhús en sláturhús eru of mörg og þörf á að bæta nýtingu þeirra með tillit til fjárfestinga.
- Lægri stjórnunarkostnaður.

Miðað við stöður á erlendum mörkuðum er framleiðslumagnið of mikið og því ætti að draga úr framleiðslu.

- Til framtíðar vantar verkfæri sem auðveldar okkur að takast á við sveiflur á mörkuðum t.d. að geta greitt sláturálag á fullorðnar ær þegar erlendir markaðir gefa eftir. Hins vegar er framleiðsluferillinn langur og erfitt að gefa í og draga úr framleiðslu.

Hægt er að bæta skipulag slátrunar með því að lengja tímabilið til að auka framboð af fersku kjöti. Slátrun gæti hafist í ágúst og ljúki í október. Þó skal athuga að við upphaf tímabils og lok væru ekki full afköst. Þessu má síðan stýra enn meira með því að flýta eða seinka burðartíma allt eftir því hvað aðstæður leyfa. Hins vegar þarf að horfa til þess að lenging á sláturtíma breyti ekki um of framleiðsluferlum hjá bændum. Bæði felst í því kostnaður og síðan er það ekki endilega sú vara sem við erum að halda að neytendum. Úthagabeit er hluti af okkar sérstöðu og hana þarf að hafa í huga þegar horft er til hagræðingar og mikilvægt að taka tillit til þess.

- Taka þarf tillit til þess að vinnuafli er að mestu leyti sérhæft erlent vinnuafli sem aðeins er hægt að fá hluta af árinu.

Vísbendingar um að hægt sé að gera betur varðandi að tryggja mestu mögulega vörugæða og verðmæti. Þetta sést t.d. í því að flestir bændur sem taka heim kjöt (eins og þeim er heimilt) ófrosið og láta hanga heima á bæ áður en því er pakkað. Þetta gera bændur bara af því að þeir finna mun á því kjöti sem þeir taka frosið beint úr sláturhúsi. Það má líka gera betur með ýmsa þætti úrvinnslunnar, en líka rétt að geta þess að það hefur heilmikið jákvætt gerst í þeim eignum undanfarin ár.

Sláturfleyfisahafar hafa brugðist við lágu útflutningsverði með því að lækka skilaverð til bænda. Þannig að nú eru áhrifin ekki síður að koma fram í afkomu bænda. Verður að vera möguleiki að taka á því að verið er að selja vörur á aðskilda markaði. Þar sem forsendubrestur er á einum markaði dregur það niður verðið á hinum. Mögulega væri hægt að stofna markaðssjóð þar sem er hægt að færa framlegð milli markaða gæti orðið verkfæri til framtíðar til að fást við sambærilegar sveiflur í framtíðinni. Það er ljóst að hann þarf að koma aftur vegna eðli landbúnaðarframleiðslu, enda eru allar þjóðir sem styðja sinn landbúnað með leiðum til að takast á við slíka markaðsbresti.

Landssamtökin leggja áherslu á að komið verði upp sveiflujöfnunarverkfærum bæði á framleiðsluhliðina en einnig á markaðs- og/eða söluhliðina, þar myndi markaðsstöðugleikasjóður gagnast vel ásamt meiri skilvirkni í afurðageiranum. Markaðsstöðugleikasjóðir eru til staðar í mörgum samanburðarlöndum, starfa innan samkeppnisumhverfis og nýtast til markaðssóknar ásamt því að virka til sveiflujöfnunnar.

Það hefur sýnt sig í mjólkurgeiranum að það hefur verið ávinningur í því að hafa sölu og dreifingu á einni hendi. Því væri áhugavert að skoða slíkt í ljósi þess að það er fákeppni á smásölumarkaði. Sauðfjárbændur búa við kaupendamarkað hvað varðar sölu á lambakjöti, enda má glögglega sjá það að verðþróun hefur ekki náð að fylgja almennt verðþróun undanfarin ár.



kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2018 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.